

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendur í 7. bekk er kennt í tveimur umsjónarhópum með 45 nemendum, 29 drengir og 16 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Skúli Sigurðsson með 7. SS og Kristín Hjartardóttir með 7. KH. Í faggreinum kenna auk umsjónarkennara Anna Birna Gunnlaugsdóttir dönsku, Drífa Gunnarsdóttir, Anna Hulda Einarsdóttir og Sigríður Hauksdóttir íslensku, Páll Valur Björnsson náttúrufræði og samfélagsfræði, Yngvi Þór Geirsson samfélagsfræði, Berglind Kristjánsdóttir stærðfræði. Sérgreinakennarar eru Harpa Magnúsdóttir (smíði), Margrét Þórólfsdóttir (textíl), Natalya Gryshanina (heimilisfræði) og Eric Farley Hearn (myndlist). Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Rafn Markús Vilbergsson (upplýsingatækni) og Þórir Rafn Hauksson.

Skipting kennslustunda

Íslenska - 7 stundir

Stærðfræði - 6 stundir

Danska - 3 stundir

Enska 2 - stundir

Lífsleikni - 1 stund

Náttúru- og umhverfisfræði - 3 stundir

Samfélagsfræði - 2 stundir

Kristinfræði - 1 stund

Tónmennt - 1 stund

Upplýsinga- og tæknimennt - 1 stund

Listgreinar - 4 stundir

Hönnun og smíði - 1 stund

Heimilisfræði - 2 stundir

Íþróttir og sund - 3 stundir

Íslenska 7. bekkur

Kennarar: Skúli Sigurðsson, Kristín Hjartardóttir, Drífa Gunnarsdóttir, Anna Hulda Einarsdóttir og Sigríður Hauksdóttir

Talað mál og hlustun

Stefnt er að nemendur:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- geti gert sér grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- geti flutt íslensk ljóð
- taki þátt í leikrænni tjáningu og spuna

Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að nemendur:

- lesi sér til gagns og ánægju
- þjálfist í hraðlestri og lesskilningi
- geti notið þess að hluta á upplestur og frásagnir
- lesi eina Íslendingasögu, þjóðsögur og goðasögur
- lesi fjölbreyttar bókmenntir

- læri nokkur valin ljóð
- þekki rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap í ljóðum
- í 7. bekk nái að lesa 300-350 atkv. á mín. í lok skólaársins

Ritun

Stefnt er að nemendur:

- noti rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- geti skrifað læsilega og af öryggi
- nái helstu atriðum stafsetningar og færni í greinarmerkjasetningu
- fáist við skapandi skrif, semji sögur og ljóð.
- læri að ganga frá texta og geti nýtt orðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn

Málfræði

Stefnt er að nemendur:

- átti sig á að munur er á hljóði og bókstaf og skilji hvernig orð skiptast í atkvæði
- geti nýtt málfræðikunnáttu við orðmyndum og stafsetningu
- kunni að fletta orðum eftir stafrófsröð og nýta sér upplýsingar í orðabókum
- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, t.d. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt

Námsgögn:

- Vandamálið, minnsta málið les- og vinnubók
- Ljóðspor
- Gunnlaugssaga
- Skrift 7
- Draugaslóð (kjörbók)
- Frjálslestrarbækur

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fyrirlestrar, heimildarvinna, ritun, samvinnunám, utanbókarnám, vinnubókarkennsla og almenn yfirferð námsefnis.

Námsmat:

Námsmat er í formi mats á frammistöðu í tímum, mat á vinnubók, skriflegt próf, sjálfsmat, kannanir og ýmis sjálfstæð verkefni. Námsmat skiptist þannig:

Haustönn:

- lestur: prófað er í hraðlestri tvisvar sinnum á skólaári
- Vandamálið, lesbók: Nemendur taka tvö lesskilningspróf á önn sem gilda 10% og verkefnabókin gildir 5%
- Draugaslóð: Nemendur gera bókmenntaritgerð úr Draugaslóð sem gildir 10% og gildir verkefnabókin 5%
- Minnsta málið, vinnubók: 5%
- Málfræðiþróf 15%
- Stafsetning 10%
- Nemendur taka lokapróf sem gildir 40% af lokaeinkunn

- Gefin er sér einkunn fyrir skrift og fingrasetningu: Skriftarbók gildir 30%, skriftarpróf 30%, tölvuæfingar í fingrasetningu 20% og fingrasetningarpróf 20%

Vorönn:

- lestur: prófað er í hraðlestri tvisvar sinnum á skólaári
- Vandamálið, lesbók 2: Nemendur taka tvö lesskilningspróf á önn sem gilda 10% og verkefnabókin gildir 5%
- Gunnlaugssaga: Nemendur fara í próf úr Gunnlaussögu sem gildir 10% og gildir verkefnabókin 5%
- Minnsta málið, vinnubók 2: 5%
- Málfræðiþróf 15%
- Stafsetning 10%
- Nemendur taka lokapróf sem gildir 40% af lokaeinkunn
- Gefin er sér einkunn fyrir skrift og fingrasetningu: Skriftarbók gildir 30%, skriftarpróf 30%, tölvuæfingar í fingrasetningu 20% og fingrasetningarpróf 20%

Stærðfræði 7. bekkur

Kennari: Berglind Kristjánsdóttir og Skúli Sigurðsson

Tölur

Stefnt er að nemendur:

- vita hvenær tvö almenn brot eru jöfn, geta stytt og lengt almenn brot og fundið samnefnara brota
- geta ráðað ræðum tölum, þ.e. geta ráðað náttúrlegum tölum og tugabrotum af öryggi, kunna að ráða almennum brotum og geta borið saman almenn brot og tugabrot
- þekkja jákvæðar og neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun reiknivéla og þekkja röðun heilu talnanna
- skilja hvað það þýðir að ein tala gangi upp í annari
- skilja hvað frumtala (prímtala) er og vita hvernig finna má lægstu frumtölurnar
- þekkja deilingu með afgangi
- hafa notað reiknivélar og tölvuforrit til að skoða eiginleika talnanna, s.s. deilanleika
- Hafa þekkingu á sætistalnakerfi, einkum á tugakerfinu

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Stefnt er að nemendur:

- geta lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt með náttúrlegum tölum af öryggi án aðstoðar reiknitækis og með tugabrotum þegar tölurnar eru einfaldar og koma upp í eðlilegu samhengi
- sýna fullt vald á margföldunartöflunni upp í $10 \cdot 10$
- sýna tilfinningu fyrir tölum og stærðum þannig að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- kunna aðferðir til að prófa og meta útreikninga og leita að reiknivillum
- kunna að prófa frádrátt með samlagningu, samlagningu með frádrætti, deilingu með margföldun og margföldun með deilingu

- sýna leikni í hugarreikningi með heila tugi, hundruð og þúsund
- geta reiknað í huganum samlagningar- og frádráttardæmi með tveimur tveggja stafa tölum
- geta notfært sér námundun til að breyta reikningsdæmi í hliðstætt dæmi með ámóta tölum sem nemandinn getur síðan reiknað í huganum
- vera fær um að velja reikniaðgerðir og mismunandi leiðir til að reikna

Hlutföll og prósentur

Stefnt er að nemendur:

- geta skýrt hlutföll með myndum, myndritum, töflum eða meðáþreifanlegum hlutum
- geta fundið tiltekinn hluta af heild og fundið heild þegar tiltekinn hluti er þekktur
- skilja hvað átt er við með mælikvarða og geta lesið vegalengdir aflandakortum og vinnuteikningum í algengum mælikvörðum, t.d. 1:100 og 1:100.000
- skilja gildi hlutfallareiknings til að bera saman sambærilegar stærðir, t.d. við innkaup eða í verðkönnun
- geta reiknað á milli eininga, t.d. mynteininga, og hafa reynslu af að reikna milli algengra erlendra gjaldmiðla og íslenskrar krónu
- kannast við prósentuhugtakið
- þekkja tengsl prósentu við almenn brot og tugabrot og geta breytt þar á milli

Mynstur og algebra

Stefnt er að nemendur:

- geta dregið saman talnastæður sem fylgja ákveðnu mynstri í almenna reglu þar sem breytur eru táknaðar með bókstöfum eða öðrum táknum
- geta notað rúmfræðileg mynstur, t.d. reglur um ummál, flatarmál eða rúmmál einfaldra hluta, og áttað sig á hvernig þessar stærðir breytast við breytingu á grunnstærðum
- átta sig á einfaldri notkun bókstafa í stærðfræði og kunni skil á jöfnum og stæðum

Rúmfræði

Stefnt er að nemendur:

- þekkja almenn hugtök úr rúmfræði, s.s. punkt, línu, línustrik, horn, samsíða og hornréttar línur, grannhorn og topphorn
- þekkja ýmsar gerðir flatarmynda, s.s. þríhyrning, þ.m.t. rétthyrndan, jafnhliða og jafnarma þríhyrning, ferhyrning, ferning og rétthyrning, trapisu, tígul, hring og hugtök honum tengd, s.s. geisla, þvermál og ummál
- þekkja nokkur einföld hugtök úr þrívíðri rúmfræði, s.s. tening, réttstrending, kúlu, sívalning, keilu og strýtu (þíamída)
- kunna skil á hugtökum og aðferðum varðandi mælingu flatarmynda og þrívíðra hluta
- þekkja samsvörun rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og vita t.d. að 1 lítri samsvarar 1 dm³ og 1 ml samsvarar 1 cm³
- þekkja talnalínuna og fjarlægð milli punkta á henni
- þekkja stækkanir og smækkanir og hlutfallsmælikvarða, t.d. á landabréfum
- þekkja flutninga, svo sem hliðranir, spegланir og snúninga um helming og fjórðung úr hring, átta sig á hvernig þær gefa lýsingu á rúmfræðilegum samhverfum og

endurtekningu í mynstrum og geta notað samhverfueiginleika til að leysa rúmfræðileg verkefni

- hafa kynnst nokkrum undirstöðuatriðum sígildrar rúmfræði og geta notað þau í útreikningum og röksemdafærslum

Tölfræði og líkindafræði

Stefnt er að nemendum:

- þekkja ýmsar leiðir til að vinna úr tölulegum gögnum og setja þau fram meðal annars í tíðnitöflu, súluriti og línuriti

Námsgögn:

- Geisli 3 (grunnbók)
- Geisli 3A og 3B, vinnubækur
- önnur ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, spurnaraðferðir, sýnikennsla, umræður og þrautalausnir

Námsmat:

- Lotupróf 40%
- Yfirlitspróf 40%
- Heimaverkefni 10%
- Sjálfsmat/kennaramat 10%

Enska 7. bekkur

Kennarar: Kristín Hjartardóttir og Skúli Sigurðsson

Hlustun:

Stefnt er að nemendum:

- Geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu
- Skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- Geti hlustað eftir aðalatriðum
- Þjálfist í að vinna með orðaforða

Lestur:

Stefnt er að nemendum:

- Geit lesið einfaldar smásögur
- Geti lesið stutta skáldsögur
- Þjálfist í að vinna með orðaforða

Talað mál:

Stefnt er að nemendum:

- Geti tekið þátt í umræðum á ensku
- Kunni að beita orðaforðanum sem búið er að fara yfir
- Geti sagt frá atriðum úr umhverfinu og úr íslenskri menningu

Ritun:

Stefnt er að nemendum:

- Geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfelldan texta
- Þjálfist í að vinna með orðaforða

Námsgögn:

- Action lesbók og vinnubók
- Ensk lestrarbók
- annað tilfallandi efni frá kennara

Kennsluáferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, ritun, tjáning, tónlist, umræður, utanbókarnám og vinnubókarkennsla.

Námsmat:

- skriflegt próf: í lok annar úr orðaforða, málfræðiatríðum og stafsetningu, gildir 40%
- 3 kaflapróf yfir önnina 30%
- Vinnubók í Action 20%
- Lestarbók 10%

Danska 7. bekkur

Kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Kristín Hjartardóttir

Hlustun:

Stefnt er að nemendum:

- Geti skilið einföld fyrirmæli og setningar á dönsku
- Skilji dönsku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- Geti hlustað eftir aðalatriðum
- Þjálfist í að vinna með orðaforða

Lestur:

Stefnt er að nemendum:

- Geit lesið einfaldar smásögur og skilið aðalatriðin
- Þjálfist í að vinna með orðaforða
- Lesi stutta texta og skilji meginmálið

Talað mál:

Stefnt er að nemendum:

- Geti tekið þátt í einföldum umræðum á dönsku
- Kunni að beita orðaforðanum sem búið er að fara yfir
- Geti beðið um einfalda hluti á dönsku

Ritun:

Stefnt er að nemendum:

- Geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi stuttan og samfelldan texta
- Þjálfist í að vinna með orðaforða

Námsgögn:

- Start, les og vinnubók
- annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, kannanir og ritun

Námsmat:

- kannanir+ lokapróf 40%
- hlustun 20%
- munnlegt próf 15%
- starfseinkunn 15%
- Ritun 10%

Tónmennt

Kennarar: Kristín Hjartardóttir og Skúli Sigurðsson

Almenn námsmarkmið

Að nemendur:

- hlusti á og sýni þekkingu á fjölbreyttum íslenskum sönglögum sem sungin hafa verið
- sýni þekkingu á einkennum tónlistar sem hlustað er á
- meti og rökstyðji eigin túlkun á tónlistarflutningi

Námsgögn:

- Tónmenntavefurinn, www.tonmennt.com
- Ýmis verkefni og ljósrit frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustunarefni, hreyfing, sköpun, söngur og tónlist

Námsmat:

- frammistaða og virkni nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn
- einkunn er gefin í lokið/ólokið

Lífsleikni 7. bekkur

Kennarar: Kristín Hjartardóttir og Skúli Sigurðsson

Almenn námsmarkmið:

Að nemendur:

- velti fyrir sér ýmsum hliðum þess að breytast úr barni í ungling og geri sér grein fyrir áskorunum og ánægjustundum þessa æviskeiðs
- gera sér grein fyrir eðli samskipta
- hafa hugmynd um hvaða tilfinningar og kenndir þau vekja
- geti sett sér markmið til lengri tíma
- geti nefnt persónur sem hann lítur upp til og ber virðingu fyrir
- geti lýst mismundandi störfum og mikilvægi þeirra

- viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi

Námsgögn:

- Ertu!
- Ítarefni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, leikræn tjáning, samræðuaðferðir, hópverkefni, tjáning og umræður

Námsmat

- námsmat: lokið/ólokið

Náttúrufræði 7. bekkur

Kennari: Páll Valur Björnsson og Skúli Sigurðsson

Almenn námsmarkmið

Að nemendur:

- skilji ábyrgð sína á eigin heilsu
- þekki hvernig barn verði til og fóstur þroskast
- geti lýst breytingu á mannlíkamanum frá fæðingu til elli ára
- geri sér grein fyrir því hvernig maðurinn fær orku

Námsgögn:

- Líkami mannsins
- aukaefni tengt námsefni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, heimildavinna, hópverkefni, hreyfing, samvinnunám, umræður og vinnubókarkennsla

Námsmat

- kannanir: teknar reglulega kannanir eftir yfirferð námsefnis, gilda 50%
- mat á vinnubók: útbúin vinnubók, gildir 25%
- frammistöðumat: virkni í tímum gildir 10%
- verkefni – nemendur vinna veggspjöld, gildir 15% af lokaeinkunn

Samfélagsfræði

Kennarar: Páll Valur Björnsson og Yngvi Þór Geirsson

Almenn námsmarkið

Að nemendur:

- Nemendur kynnist kortabókum og hvernig þær eru notaðar
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða

- Nemendur kynnist íslensku samfélagi á árunum 1500-1750, t.d. bændasamfélaginu, einokunarversluninni, Tyrkjaráninu, Kaupmannahafnarbrunanum, siðaskiptunum og fleira.

Námsgögn:

- Evrópa – lesbók
- Evrópa – vinnubók (ljósrit)
- Sögueyjan 2
- Vinnubók með Sögueyjunni ásamt öðrum verkefnum

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, umræður, upplýsingartækni, vinnubókarkennsla, fræðslumyndir, leikræn tjáning, sköpun auk annarra kennsluaðferða s.s. hugtakakorta

Námsmat - haust

- 3 kannanir - 15% hver = 45%
- Vinnubók: 20%
- Frammistöðumat: 15%
- Sjálfsmat: 5%
- Önnur verkefni: 10%
- Hugtakakort: 5%

Námsmat – vor

- Frammistöðumat: 15%
- Sjálfsmat: 5%
- Kannanir: Tvær sem gilda 20% hver, samtals: 40%
- Hugtakakort: 5%
- Vinnubók/verkmappa: 20%
- Vinnubók/ljósrit: 10%
- Önnur verkefni: 5%

Trúarbragðafræði

Kennari: Kristín Hjartardóttir

Almenn námsmarkmið

Að nemendur:

- hafa kynnst völdum þáttum úr almennri og íslenskri kirkjusögu
- þekkja til nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákn, hátíðir og siði
- hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims.
- Vita hvernig kristni barst til Íslands og um atburði tengda kristnitökunni árið 1000
- hafa þjálfast í að ræða um gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- þekkja algengustu tákn kristninnar og merkingu þeirra
- hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum

- Geti tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi

Námsgögn:

- Búddah- Leiðin til Nirvana, lesbók, verkefnahefti og myndband
- Islam – að lúta vilja Guðs, lesbók, verkefnahefti og myndband
- Gyðingdómur – sáttmáli Þjóðar, lesbók, verkefnahefti og myndband

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, fræðslumyndir, heildstæð verkefni, heimildarvinna, hópverkefni, námsleikir, ritun, samræðuaðferðir, spurnaraðferðir og þemanám

Námsmat

- Kannanir 50%
- Sjálfstæð verkefni 25%
- Vinnubækur 15%
- Sjálfsmat 5%
- Frammistöðumat 5%

Upplýsingartækni 7. bekkur

Kennari: Rafn Markús Vilbergsson og Skúli Sigurðsson

Almenn námsmarkmið:

Að nemendur:

- hafa kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans
- geta nýtt sér glærugerðarforrit
- geta sett inn myndir, gröf og töflur í texta
- geta sett um margþætt skjöl í ritvinnslu

Námsgögn:

- Ritvinnsluforritið Word, töflureiknirinn Exel, framsetningarforritið Power point, teikniforritið SketçUp, ýmsir vefskoðarar, verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi, verkefni af vef og ljósrít frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar. Einnig verður farið yfir síðfræði internetsins og nýtingu pósthforrita.

Námsmat

- frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar
- Lokið/ólókið

Heimilisfræði

Kennari: Natalya Gryshanina

Almenn námsmarkmið:

- að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við frágang í eldshúsi og meðferð matvæla.
- nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum
- að nemendur geri sér grein fyrir því að matur er mishollur og að þeirra val skiptir máli.

Námsgögn:

- Gott og gagnlegt 3

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla, verklegar æfingar og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- frammistöðumat –frammistaða nemenda í tíma metinn, gildir 40%
- verkleg próf – nemendur taka 2 verkleg próf á önn, gilda 40% af lokaeinkunn
- vinnubók: skrifleg verkefni sem nemendur vinna í vinnubók gilda 20%
- einkunn gefin í tölum

Hönnun og smíði

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Almenn markmið:

- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni
- sýni skilning á góðri samvinnu
- geri sér grein fyrir undirflokkum verkfæra með tilliti til ólíkra verkefna
- átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf
- hafi aukið færni sína og þekkingu með mótun eigin hugmynda
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum
- hafi tileinkað sér góðan frágang á efnum og áhöldum, s.s. málningaráhöldum
- finni mismunandi lausnir og velja þá heppilegustu í samræmi við notagildi hlutarins
- fáist við verkefni þar sem lögð er áhersla á hönnun nytjahluta með listræna útfærslu í huga
- nemandi geti hagnýtt sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum og mótun þeirra

Námsgögn:

- efniviður úr tré og plasti auk tilfallandi efniviðar úr endurvinnslukössum skólans.
- borvél, skrúfuvél og önnur verkfæri til samsetningar.
- efni til yfirborðsmeðhöndlunar t.d. málning, lakk, olía og fl.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hugmyndavinna, sköpun og umræður

Námsmat:

- frammistöðumat – kennari notar símat í kennslustundum og metur þá verkfærni, vandvirkni, iðni og áhuga, umgengni og hegðun, gildir 30%
- frágangur: metið er frágangur við hvert verkefni, gildir 20%
- vinnubrögð: vinnubrögð í tímum metinn, gildir 50%

Myndlist

Kennari: Eric Farley Hearn

Almenn námsmarkmið

Að nemandi:

- vinni með form á fjölbreytilegan hátt með margs konar miðlum og tækni, t.d. einfalda, brjóta upp, þenja út og draga saman og teikna sama formið frá fleiru en einu sjónarhorni
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, s.k. blandaða tækni
- vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi
- teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni og áhrifum þeirra á umhverfið

Námsgögn

- margvíslegar tegundir pappírs, litir, vatnslitir, málning, kol, blek og ýmiss önnur verkfæri, áhöld og efni til myndlistar

Kennsluhættir

- leitast er við að þroska með nemendum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra þar sem um sameiginleg verkefni er að ræða. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn.
- lögð er áhersla á skissugerð og hugmyndavinnu þ.e.a.s. þróunarvinnu og tilraunir og að efla formskyn nemandans og auka við tækni hans í teikningu. Jafnframt að kynna nemendum ólíka tækni við útfærslu myndverka. Námið fer fram með sýnikennslu, stuttum fyrirlestrum, sýningu mynddæma, litskyggna og myndbanda og vettvangsferðum.

Námsmat

- sjálfsmat – nemendur meta sína vinnu í lok verkefnis, gildir 20 %
- persónumöppumat – nemendur útbúa sér möppu sem kennari metur, gildir 40%
- frammistöðumat – nemendur metnir eftir frammistöðu hvers og eins, gildir 20%
- vinnubók – teikniblokk nemenda metin af kennara, gildir 20%

Textíl

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Almenn námsmarkmið

Að nemandinn:

- geri sér grein fyrir efnispörf við verkefni sín
- sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- vinna með efni sem endar í full unnum hlut, þannig að úr verði heilstætt verkefni
- velja sér og vinna með einfalt útsaumsmunstur
- skrá niður vinnuferlið frá efni og þangað til að úr verður fullunninn hlutur
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- geta nýtt sér fagurfræðileg sjónarmið (liti, form) við eigin sköpun
- geta beitt einföldustu áhöldum greinarinnar
- geta unnið eftir fyrirmælum frá kennara
- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, heildstæð verkefni, samræðuaðferðir, sköpun og sýnikennsla

Námsmat:

- frammistöðumat – upplýsingum er safnað um nemandann á önninni og geta hans, færni og kunnátta metinn úr frá verkefni og þeim markmiðum sem lagt var upp með í upphafi annar, gildir 50%
- frammistaða í tímum – byggist upp á því að skða frammistöðu nemandans í vinnuferli og árangri í hverri kennslustund, gildir 35%
- vinnubók – nemendur safna verkefnum í möppu gögnum sem tengjast verkefninu s.s. sniðum og verklýsingu. Gildir 5%
- sjálfsmat - nemendur meta sjálf vinnu sína og verkefni með sjálfsmatslistum, gildir 10%
- einkunn gefinn í tölustöfum

Íþróttir

Kennarar: Rafn Markús, Skúli Sigurðsson og Þórir Rafn

Almenn markmið:

Markmiðið er að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlögn, markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttaiðkun og heilsurækt.

Námsgögn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar, gildir 50%
- frammistöðumat – verklegt próf, gildir 50%
- nemendur fá einkunn í tölum

Sund

Kennarar: Ásgerður Bjarklind, Skúli Sigurðsson og Þórir Rafn

Almenn námsmarkmið

Unnið eftir 7.sundstigi

- 300 m bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mín.
- 50 m skólabaksund (stílsund, einkunn gefin)
- 15 m björgunarsund með jafningja (stílsund, einkunn gefin)
- 8 m kafsund (stílsund, einkunn gefin)
- Val um, 50 m bringusund (tímataka) eða 25 m skriðsund (tímataka)

Námsgögn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla, fræðsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- frammistöðumat – virkni nemenda í tímum skráð til bókar
- verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 7. sundstigi.
- Nemendur fá einkunn í tölustöfum